

## 6. gr.

- Vegna búrekstrar skulu neðangreind eyðublöð fylgja skattframtali manns eða lögaðila:
- Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
  - Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 7. gr., skal fylgja útfyllt 4. síða landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 (bústofnshluti).

## 7. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2003 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- Á rafrænu skattframtali 2004 (RSK 1.04) á heimasíðu ríkisskattstjóra *rsk.is*.
- Með dulrituðum tölvupósti, úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- Á tölvudisklingi, úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra, ásamt útfylltri og undirritaðri forsíðu eyðublaðsins RSK 1.04 á pappír.
- Á skattframtali rekstraraðila 2004 (RSK 1.04), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír. *Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.*

## 8. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. janúar 2004.

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 5/2004 um skattmat á bústofn til eignar 2004.

#### Eignamat í árslok

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi á árinu 2004 vegna bústofnsskýrslu fyrir það ár:

	kr.
Mjólkurkýr .....	83.000
Holdakýr og naut .....	60.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri .....	49.000
Geldneyti .....	32.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs .....	9.600
Ær og sauðir .....	4.900
Hrútar .....	8.000

	kr.
Gemlingar .....	4.400
Hross á 14. vetri og eldri .....	15.000
Hross á 5. – 13. vetri .....	30.000
Fulltamin reiðhross (á 5. – 13. vetri) .....	110.000
Önnur nýtanleg reiðhross .....	55.000
Verðlaunahross (á 5. – 13. vetri) .....	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri .....	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri .....	320.000
Tryppi á 2. – 4. vetri .....	10.000
Fölöld .....	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða .....	730
Varphænsni 6 mánaða og yngri .....	450
Kjúklingar .....	150
Endur .....	680
Gæsir .....	1.200
Kalkúnar .....	1.700
Gyltur .....	16.000
Geltir .....	25.000
Grísir .....	5.000
Kanínur .....	2.900
Minkar: Karldýr .....	3.200
Kvendýr .....	1.900
Hvolpar .....	0
Refir: Karldýr og kvendýr .....	5.300
Hvolpar .....	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri .....	3.200

*Reykjavík, 22. janúar 2004.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 6/2004 um breytingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2003, sbr. auglýsingu í 145. tbl. Lögbirtingablaðs, dags. 31. október 2003 um að álagningu sé lokið.**

Með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2003 þann 7. apríl nk.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 27. janúar 2004.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.